

Hræringur 1985-2000

hópvinnuverkefni

Nemendur vinna í sjö hópum þar sem hver hópur tekur að sér ákveðinn kafla eða ákveðna kafla í þessu síðasta tímabili bókmenntasögunnar. Skoðið líka vef Borgarbókasafnsins, bokmenntir.is, fróðleikur um rithöfunda er á honum.

Nemendur eiga að undirbúa sig til að kenna námsefnið, annaðhvort með því að skrifa á töfluna eða notast við glærur (power-point). Það sem skiptir máli er að draga út aðalatriðin og koma þeim á framfæri við aðra nemendur.

Nemendur fá tvær kennslustundir að vinna verkefnið, flutningur verkefna er í þriðju og fjórðu kennslustund.

1. Þjóðfélagsmynd. Takið útdrátt úr kaflanum og teljið upp helstu atriði sem þið teljið að skipti máli fyrir bókmenntasöguna. Kryddið upptalninguna með myndum, endursögn á stuttum fréttum og/eða viðtölum við foreldra/afa og ömmu ásamt ýmsu sem hugmyndaflugið/andinn blæs ykkur í brjóst.

2. Töfraraunsæi. Hér þarf að útskýra vel hvað felst í hugtakinu með dæmum þannig að nemendur hafi það á hreinu með góðum dæmum. Vigdís Grímsdóttir er ótvírætt frumkvöðull ásamt Gyrði Elíassyni, gerið þeim vel skil og lýsir töfraraunsæi í verki / verkum þeirra. (Bls. 268-275 í bókmenntasögu, bokmenntir.is)

3. Súrrealismi. Sama og í 2 nema hér er það Sjón (og Medúsa) sem er frumkvöðull. (Bls. 275-282 í bókmenntasögu og bokmenntir.is)

4. Póstmódernismi. Einkenni og útskýring (sbr. 2 og 3) – Hallgrímur Helgason er hér verðugur frumkvöðull og 2 textar eftir hann eru t.d. til lokaprófs. Fara vel í póstmódernísk einkenni í þeim textum og sýna dæmi. (Bls. 265-268, 283-288 og bokmenntir.is)

5. Ljóðagerð hræringa. Hvað einkennir ljóðin helst, taka nokkur skáld og lýsa þeim. (Bls. 290-296 í bókmenntasögu og bokmenntir.is)

6. Bókmenntir fyrir börn og unglunga. Hvers konar bækur eru skrifaðar fyrir börn og unglunga, hverjir skrifa? Taka dæmi. (Bls. 296-299 í bókmenntasögu og bokmenntir.is.)

7. Glæpasögur. Helstu höfundar og verk þeirra. (Bls. 299-307 í bókmenntasögu.)